Föstudaginn 8. september 1995.

Nr. 251/1995. **Þorsteinn Laufkvist Þorsteinsson**
(Jón Bjarnason hrl.)
gegn
Laufeyju Elsu Sólveigardóttur
(Haraldur Blöndal hrl.)

Kærumál. Opinber skipti. Dánarbú. Frávísun máls frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 4. júlí 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 17. júlí. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur, sem var kveðinn upp 20. júní 1995, þar sem metin er gild erfðaskrá, er Laufey Guðmundsdóttir gerði 11. janúar 1989. Heimild til kæru er í 133. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o. fl.

Sóknaraðili krefst þess, að „meintri arfleiðsluskrá verði hrundið og hún metin óskuldbindandi fyrir dánarbúið og gagnvart kæranda". Auk þess krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Svo sem greinir í hinum kærða úrskurði, krafðist sýslumaðurinn í Reykjavík þess 1. mars 1995, að bú Laufeyjar Guðmundsdóttur, sem lést 25. september 1994, yrði tekið til opinberra skipta. Kröfu þessa reisti sýslumaður á 6. tl. 37. gr. laga nr. 20/1991. Í stað þess að taka afstöðu til kröfu sýslumanns, eins og skylt var samkvæmt greindu lagaákvæði, sbr. 32. gr. laganna, fjallaði héraðsdómari efnislega um gildi erfðaskrárinnar. Lagaheimild brast til þess að leysa úr ágreiningi um erfðarétt með þessum hætti á þessu stigi máls, sbr. ákvæði XVI. kafla laga nr. 20/1991.

Af framangreindum ástæðum verður að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og vísa málinu frá héraðsdómi.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi, og er málinu vísað frá héraðsdómi. Málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 20. júní 1995.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi 30. maí sl. Það er svo til komið, að með bréfi, dagsettu 1. mars sl., krafðist sýslumaðurinn í Reykjavík þess, að bú Laufeyjar Guðmundsdóttur, kt. 120103-3859, er andaðist 25. september 1994 og síðast var til heimilis að Langholtsvegi 159, yrði tekið til opinberra skipta með vísan til 6. tl. 37. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o. fl. Með bréfi sýslumanns fylgdi ljósrit af erfðaskrá Laufeyjar, en samkvæmt henni arfleiðir hún sonardóttur sína, Laufeyju Elsu Þorsteinsdóttur, kt. 050855-5899, nú til heimilis að Sigtúni 21 í Reykjavík, að þriðjungi eigna sinna, eins og nánar verður gerð grein fyrir síðar.

Þegar mál vegna kröfu sýslumanns var þingfest 7. apríl sl., var þingsókn af hálfu Laufeyjar Elsu og föður hennar, Þorsteins Laufkvists Þorsteinssonar, sonar Laufeyjar Guðmundsdóttur. Af hálfu Þorsteins Laufkvists var kröfu sýslumanns mótmælt, og kvaðst Þorsteinn Laufkvist vefengja gildi erfðaskrárinnar. Var ákveðið að reka sérstakt ágreiningsmál um gildi erfðaskrárinnar, áður en afstaða yrði tekin til þess, hvort búið yrði tekið til opinberra skipta. Þá var og ákveðið, að aðild þessa máls yrði með þeim hætti, að sóknaraðili yrði framangreindur Þorsteinn Laufkvist, sem búsettur er í Bandaríkjunum, og varnaraðili framangreind Laufey Elsa, er nú kennir sig við móður sína og er Sólveigardóttir.

Dómkröfur sóknaraðila eru þær, að fram kominni arfleiðsluskrá verði hrundið og hún metin óskuldbindandi fyrir dánarbúið og gagnvart sóknaraðila, sem er einkabarn Laufeyjar Guðmundsdóttur og einkaerfingi hennar. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst sýknu af kröfum sóknaraðila og að erfðaskráin, sem um er deilt í málinu, verði metin gild. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

– – –

Samkvæmt framansögðu er kröfu sóknaraðila hafnað og erfðaskráin, sem Laufey Guðmundsdóttir gerði 11. janúar 1989, metin gild.

Eftir þessum málsúrslitum verður sóknaraðili úrskurðaður til að greiða varnaraðila í málskostnað 120.000 kr. auk virðisaukaskatts.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kvað upp úrskurðinn.

Úrskurðarorð:

Kröfu sóknaraðila er hafnað, og erfðaskráin, sem Laufey Guðmundsdóttir gerði 11. janúar 1989, er metin gild.

Sóknaraðili greiði varnaraðila 120.000 kr. í málskostnað auk virðisaukaskatts.